



Breyting Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3C - nýtt skipulag
Málsnr. 2104261
Dags. 6. janúar 2022

Akraneskaupstaður

Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að deiliskipulagi Skógarhverfis áfanga 3C

1. Auglýst nýtt deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3C

Skipulagssvæðið afmarkast af skipulagssvæði Skógarhverfis 5 til vesturs, Miðvogslæki í norður og skipulagssvæðis Skógarhverfi 3B og 3A til suðurs og Skógrækt Garðalundar til austurs. Skipulagsáfangi 3C er 11,65 ha og er gert ráð fyrir lágreistri íbúðarbyggð í tveggja hæða fjölbýlishúsum og einnar og tveggja hæða sérbýlishúsum.

1. Kynningarferli

Haldinn var kynningarfundur 10. júní 2021.

Bæjarstjórn samþykkti að auglýsa skipulagstillöguna á fundi sínum 24. ágúst 2021 og var hún auglýst með athugasemdafresti frá 4. nóvember til og með 23. desember 2021.

Tillagan var auglýst í Lögbirtingablaðinu, 8. nóv., Morgunblaðinu, 3. nóv. Skessuhorni 3. nóv. og Póstinum 4. nóv. 2021.

2. Athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Gerð var athugasemd frá Veitum sem óska eftir að gert verði ráð fyrir settjörn frá „G-götu“ sem gert er ráð fyrir að taki við regnvatnslögn í götunni á leið í ofanvatnsrás. Tekið verði tillit til veitukerfa í framkvæmdaröð við uppbyggingu svæðisins.

Svar við athugasemd:

Sameiginlegir fundir vegna gatnahönnunar hafa verið milli Veitna og Akraneskaupstaðar til að tryggja samræmi í hönnun. Lagt er til að settjörn verði milli lóða G13 og G15. Tjörn verði sýnd á skýringaruppdrætti Skógarhverfis 5.

Stjórn hestamannafélagsins Dreyra gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir umferð hestamanna í nýrri skipulagstillögu og óskar eftir að sett verði reiðleið inn í skipulagsuppdráttinn. (fylgiskjal riss af reiðleið)

Svar við athugasemd:

Athugasemd á við svæði sem er utan skipulagsmarka í Skógarhverfi, áfangi 3C og 5.

Í gangi er vinna við endurskoðun aðalskipulags Akraneskaupstaðar. Lagt er til að Skipulags- og umhverfisráð fundi með forsvarsmönnum Dreyra um reiðleiðir í bæjarlandinu. Í framhaldinu verði tekin afstaða um reiðleiðir í bæjarlandinu.

Akranesi 6. janúar 2022

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs
10. janúar 2022